



Fréttabréf Skeiða- & Gnúpverjahrepps

7. tbl - 17. ág - September 2020

Í blaði mánaðarins:



Upp í sveit - Samantekt

Bls. 2-3



Græn fánafréttir úr leikholti

Bls. 4



Fréttir frá Þjórsárskóla

Bls. 6



Fréttir frá Leikholti

Bls. 7



45. fundur sveitarstjórnar

Bls. 8-10



46. fundur sveitarstjórnar

Bls. 10-11

Ég vil þakka Sigríði Láru kærlega fyrir þennan heiður.

Deili hér með ykkur uppskrift að heitum ofnrétti sem hefur alltaf verið vinsæll á mínu heimili.

Hráefni

- 2 dósir sýrður rjómi
- 1 og 1/2 dl. Rjómi
- 1 dós sveppir (200 gr.)
- 1 dós aspas (300 gr.)
 - 100 gr. Skinka
 - 100 gr. Rifinn ostur
- 10 sn. Hvítt samlokubrauð
 - 1/2 tsk. Karrý
 - 1 tsk. Laukduft
 - 1 tsk. Season-All

Aðferð

- Hita ofn í 200°C.
- Næst skal bland öllum hráefnum saman.



Eldað með sveitungi!

- Gott er að leyfa safu af sveppum og aspas að fylgja með í blönduna eftir smekk.
- Stráum ostinum yfir, einnig er gott að brytja paprikusnakk og strá yfir.
- Hitað í 20-30 mín. við 200°C hita.
- Síðan er það bara að njóta!

Mig langar að senda boltann aftur upp götuna og skora á nöfnu mína Jóhönnu Lilju að koma með uppskrift.

Kveðja, Jóhanna Valgeirsdóttir

GETRAUNANÚMÉR UMFS ER - 799

GETRAUNANÚMÉR UMFG ER - 802

LANDSTÓLPÍ 20
ára
—2000—2020—

Afmælistilboð **Landstólpa**
BITAGÚMMÍ Á STEINBITA Á
20% AFSLÆTTI Í SEPTEMBER
Á MEDAN BIRGDIR ENDAST

20%
afsláttur



Bitagúmmi SR 120/2000

Verð kr. 9.699 (**20% afsl.** - kr. 7.759)

Bitagúmmi SR 130/2000

Verð kr. 10.580 (**20% afsl.** - kr. 8.464)

Bitagúmmi fyrir kálfa

Verð kr. 11.853 (**20% afsl.** - kr. 9.482)

*Öll verð eru með vsk



Bitagúmmi er tilvalið á steinbita í meðferðar- og sjúkrastíum.

Einnig hentar það vel í smákálfastíur og hesthús.



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

Sveitahátíðin Upp í sveit - 2020

Menningar- og æskulýðsnefnd vill þakka fyrir sveitahátíðina sem haldin var hér í sumar. Nú þegað skammdegi hallar á er gott að minnast sumarsins sem leið og fer hér létt samantekt af því sem átti sér stað.

Dagana 12. til 14. júní var hátíðin Upp í sveit haldin í annað sinn og heppnaðist hátíðin einstaklega vel. Þrátt fyrir að skuggi veirunnar umtöluðu hafi vomað yfir í samfélaginu tókst að koma saman liði fólks til að gleðjast yfir góðu sumri og eiga notalega stund.

Hátíðin hófst með hinu árlega hreinsunarátaki Fínt upp í sveit þar sem fólk og fyrirtæki voru hvött til að gera fínt hjá sér.

Átakið endaði síðan á að fólk skreytti hús og býli og voru skreytingarnar margar skemmtilegar og frumleikinn hafður í fyrirrúmi.

(Sjá meðfylgjandi myndir).

Föstudaginn 12. júní fór Kyndilberinn af stað þar sem gengið var frá Áshildarmýri og upp að Blesastöðum í einum rykk og þó að veðrið væri ekki vinalagt var þó ekkert að sjá á þeim vösku göngumönnum sem tóku þátt.



Kvöldið endaði síðan á skemmtilegum pub-quiz í Árnesi þar sem góður hópur fólks skemmti sér konunglega.

Laugardagurinn 13. júní hófst með Kvannahlaupi ÍSÍ með góðri þátttöku og var þaðan haldið beint í félagsheimilið í Árnesi þar sem boðið var upp



á vasklegan hádegismat. Hlaut maturinn einróma lof þeirra sem brögðuðu á. Íþróttavöllurinn í Árnesi fylltist svo af ungliði sveitarinnar sem skoruðu á hvort annað í ýmsum leikjum, í leiktækjum frá UMFÍ þar sem gleðin var við völd og orkan í æskunni sannaðist í enn eitt sinn. Félagsheimilið Árnes fór þá að fyllast af handverksfólki sem setti upp bása og bauð gestum og gangandi að líta á og versla ýmsar vörur þar sem sjá mátti m.a. skartgrip með rúnamunstri smíðaða á staðnum, spunarokka í fullum gangi, rabbarbarasælgæti, handmálaða bolla og margt annað. Mátti bæði sjá og heyra að mikil ánægja væri á meðal fólks með þetta fjölbreytta framboð. Deginum lauk svo með



skemmtiatriði í Árnesi þar sem mikið fjór færðist yfir lýðinn á góðu sumarkvöldi.

Á sunnudeginum var gengið í Þjórsárdalsskógi undir leiðsögn Bergs Björnssonar sem leiddi fólk um söguslóðir og fræddi um merka menningu í skóginum og einstakan gróður, í landslagi sem á sér hvergi hliðstæðu. Gangan endaði á skógarkaffi sem var fram borið í skógarskýlinu góða.



Yfir helgina gekk einnig net-ratleikur þar sem sveitungum var boðið upp á að ferðast um sveitina og prófa þekkingu sína á sveitinni. Sömu leiðis bauð Vorsabær 2 upp á að fólk gæti komið með börn sín og fengið að setjast á bak og skoða geitur, bæði laugardag og sunnudag.

Nefndin vill þakka öllum sem



komu og gerðu sér glaða daga í góðu veðri. Sérstaklega ber að þakka öllum aðilum sem tóku þátt í að gera hátíðina sem besta. Kæra þökk sendum við þeim sem stóðu að fjölbreyttum viðburðum á einn eða annan hátt sem og þeim sem lögðu hönd á plóg í ýmsum atriðum. Þetta hefði ekki verið hægt án ykkar allra. Þetta var einstaklega skemmtileg sveitahátíð með einstöku fólki.

*Fyrir hönd menningar- og æskulýðsnefndar
Ástráður Unnar Sigurðsson
Umsjónarmaður sveitahátíðarinnar Upp í sveit.*



Grænfánafréttir úr Leikholti

Leikholt er stoltur Grænfána-leikskóli en um 200 skólar á öllum skólastigum taka þátt í grænfána verkefnum á Íslandi. Grænfáninn er umhverfisviðurkenning fyrir skóla sem sýna árangur í umhverfismálum og menntun til sjálfbærni. En til þess að fá fánann endurnýjaðan á 2ja ára fresti, þarf leikskólinn að ná settum markmiðum sínum, fylgja 7 skrefum Grænfánans (<https://landvernd.is/skrefin-sjo/>), skila greinagerð og halda áfram sínu góða starfi



Umhverfisnefnd Leikhólts fundar reglulega og passar uppá að unnið sé að markmiðunum. Börnin í 2 elstu árgöngunum sitja í umhverfisnefnd ásamt þremur starfsmönnum, unnið er markvisst að settum markmiðum með öllum börnum inni á Vörðufelli (eldri deild). Skólaárið 2019-2020 hefur verið lærdómsríkt og var vorönnin sérlega krefjandi vegna Covid-19 faraldursins, en við gerðum okkar besta til þess að halda okkar striki. Okkur gekk vel að ná markmiðum og langar okkur nú að segja ykkur eilítið frá því við vorum að gera á vorönn.

Eitt markmiðið, undir þemanu „Neysla og úrgangur“, var að börnin myndu læra um framkvæmd og tilgang flokkunar á úrgangi og að einnig um endurvinnsluferlið, frá því að úrgangurinn er sóttur til okkar og þar til hann er endurunninn. Þessi kláru börn kunnu þá þegar að flokka rétt en farið var betur yfir fleiri flokkunarmöguleika. Fylgst

var vel með því þegar ruslið var sótt, og þælt í því hvort ruslabíllinn væri að sækja almenna ruslið eða endurvinnsluruslið. Mikið var rætt um um það hvað yrði um sorpið, bæði almenna og endurvinnslu. Svo fór að við sendum tölvupóst á Íslenska gámafélagið og stóð ekki á svörum þaðan og fengum við heimboð í höfuðstöðvar þeirra í Gufunesi, en sökum Covid-19 gátum við því miður ekki farið. En við notuðum þess í stað veraldarvefinn og fræddum okkur sjálf, enda er heilmikið af fróðleik að finna þar.

Við höfum líka verið dugleg að safna öllu gleri og förum með allt gler sem við þurfum ekki að nota á gámasvæðið. Við sjáum einnig um að fara með raftæki



og rafhlöður og annað sem farga þarf og notum hjólbörur til þess að ferja þetta á leiðarenda. Við erum svo heppin að hafa gámasvæðið í göngufæri.

*Með kveðju,
Umhverfisnefnd Leikhólts*



GRÆNFÁNINN



LYFJA ÚTIBÚ LAUGARÁSI

**ATH! BREYTTUR OPNUNARTÍMI
FRÁ 7. SEPT 2020**

**MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA: 10 - 16
FÖSTUDAGA: 10 - 13**



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI

Sími: 432-2770

Opið virka daga kl. 08 - 16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9
í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna
á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna
og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Ragnheiður Hergeirsdóttir
forstöðumaður
ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í
Laugarási. Sími: 480-1180

Skilafrestur í fréttabréf 2020

Október
Skil á efni: 1. október

Nóvember
Skil á efni: 29. október

Desember
Skil á efni: 3. desember

**Skilafrestur í næsta blað er
1. október
Útgáfudagur er viku síðar**

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112



PROMYND

- Brúðkaup -
 - Viðburðir -
 - Auglýsingar -
 - Ráðstefnur -
- Og allt þar á milli!**

Alhliða myndbandaframleiðsla!
ProMynd.is - ProMynd@ProMynd.is

Fréttir frá Þjórsárskóla

Skólabyrjun

Þjórsárskóli var settur föstudaginn 21. ágúst, á óhefðbundinn hátt, án foreldra. Skólinn byrjaði síðan samkvæmt stundatöflu mánudaginn 24. ágúst. Þetta skólaárið eru 45 nemendur í skólanum.

Útivistardagar

Vegna aðstæðna í Þjóðfélaginu var ekki hefðbundin útilega í skólabyrjun, heldur „útivistardagar“. Við vorum allan fimmtudaginn inni í skógi að vinna að verkefnum í aldursblönduðum hópum. Á stöðvunum var unnið með vistkerfið, stærðfræðiprautir, að búa til te úr jurtum og kofagerð. Á föstudeginum týndum við rusl og unnum á stöðvum. Hér má sjá myndir frá þessum dögum.



Leikholtshráttir


Frá Leikholti er allt gott að fréttu. Þrjár deildir (Hestfall, Vörðufell og Hekla) blómstra í faglegu starfi og leik alla daga, úti og inni.

Þann 25. ágúst komu tveir lögregluþjónar og einn lögregluþingur í heimsókn til okkar og ræddu við börnin í Vörðufelli og Hestfalli í salnum. Þau spjölluðu um umferðareglur og öryggisreglur í bílum og minntu á bílstóla og bílbelti sem öll börn verða að vera með. Einnig minntu þau á hjálmana þegar við erum að hjóla og að hjóla bara á gangstéttunum. Síðan fengu börnin að fara út og hlusta á sírenuna í lögreglubílnum ásamt að horfa á blikkljósinn. Þetta var skemmtileg og fróðleg heimsókn og þökkum við þeim kærlega fyrir.

Helga Kolbeins hættir í vinnu hjá okkur föstudaginn 4. september og þökkum við henni kærlega fyrir samstarfið og samveruna og óskum henni góðs gengis í framtíðinni.

Rakel Þórarinsdóttir hefur verið ráðin í Leikholt og byrjar að vinna hjá okkur mánudaginn 7. september og bjóðum við hana velkomna.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti og munum bílbeltin og umferðareglurnar!



45. fundur sveitarstjórnar – 19. ágúst 2020 í Árnesi

1. SAMEIGINLEGT SORPÚTBOD

Lagt var fram erindi frá oddvita Grímsness- og Grafningshrepps varðandi það hvort áhugi sé fyrir því að fram fari sameiginlegt útbod á sorphirðu í Uppsveitum þar sem samningar sveitarfélaganna við sorphirðuaðila er að renna út á þessu ári og því næsta.

Skafti nefndi að hann hefði áhuga á því að taka þátt í sameiginlegu útbodi, þrátt fyrir að það myndi kosta breytingu á flokkun í sveitarfélaginu.

Samningur sveitarfélagsins rennur úr í haust og þarf að bjóða út upp á nýtt, eða framlengja um eitt ár og bjóða út sameiginlega.

Fyrirkomulag sorphirðu hjá sveitarfélaginu byggir á kerfi Íslenska gámafélagsins og nýtur það hagræðis af því. Sameiginlegt útbod gæti breytt því.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í að undirbúa sameiginlegt sorpútbod fyrir allar uppsveitirnar ef það leiðir til lægri kostnaðar.

2. VIKURNÁMA - SAMBAND GARDYRKJUBÆNDA

Lagt var fram bréf frá Sambandi garðyrkjubænda þess efnis að lokun vikurnámu við Reykholt á afreitti Flóa- og Skeiðamanna hafi borið að með skömmum hætti því hafi ekki gefist ráðrúm til þess að leita annarra lausna varðandi notkun vikurs í ræktun hjá garðyrkjustöðvum.

Óskað er eftir fundi með fulltrúum Sambands garðyrkjubænda, garðyrkjuráðunauti, sveitarstjórn og sveitarstjóra til þess að fara yfir þessi mál.

Kom fram að búið væri að loka námunni, þannig að hún stendur ekki

til boða en að það myndi að öllum líkindum leiða til hærri framleiðslukostnaðar ef ekki er til staðar samþæfing efni.

Sveitarstjórn samþykkir að haldinn verði fundur með Sambandi garðyrkjubænda, oddvita og sveitarstjóra til þess að skýra málin.

3. SAMNINGSDRÖG UM VIKUR

Lögð voru fram drög að leyfi til vikurnáms frá BM Vallá, ásamt yfirlitsmynd.

Skafti upplýsti um þær tekjur sem sveitarfélagið hefur fengið af vikurnámi félagsins síðastliðin þrjú ár.

Ef sveitarfélagið nær samningum um önnur og hærri verð þarf alltaf að leggja málið til samþykktar hjá forsætisráðuneytinu.

Sveitarstjórn heimilar oddvita að vinna áfram að skammtíma-samningum sem gildir fram á vor 2021 um vikurnám við BM Vallá.

4. AFGREIÐSLUFUNDUR BYGGINGARFULLTRÚA 20-122

Lögð var fram til kynningar fundargerð 122. afgreiðslufundar byggingafulltrúa frá 3. júní 2020.

19. Brjánsstaðir 2 (L205365); umsókn um byggingarleyfi; skemma - 2004049

Erindið sett að nýju fyrir fund, grenndarkynningu er lokið án athugasemda. Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Davíðs Ingvarsonar, móttekin 23.04.2020 um byggingarleyfi til að byggja skemmu 112 m² á íbúðarhúsalóðinni Brjánsstaðir 2 (L205365) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Við afgreiðslu máls vék Davíð Sigurðsson af fundi og setur Lilju Ómarsdóttur og Stefán Short sem

staðgengla sína við afgreiðslu máls.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

5. AFGREIÐSLUFUNDUR BYGGINGARFULLTRÚA - 20 -124

Lögð var fram til kynningar fundargerð 124. afgreiðslufundar byggingafulltrúa frá 1. júlí 2020.

15. Áshildarvegur 19 (L210298) (verður Áshildarvegur 17); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús - 2006060

Fyrir liggur umsókn Ólafs M. Einarsson og Oddnýjar S. Steinþórsdóttur, móttekin 22.06.2020 um byggingarleyfi, leyfi til að byggja íbúðarhús 170 m² á íbúðarlóðinni Áshildarvegi 19 (L210298) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

16. Leiti (L166576); umsókn um byggingarleyfi; bílskúr – viðbygging - 2006067

Fyrir liggur umsókn Páls I. Árnasonar, móttekin 23.06.2020 um byggingarleyfi til að byggja við bílskúr 76,3 m² á íbúðarhúsalóðinni Leiti (L166576) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð á bílskúr eftir stækkun verður 106,3 m².

Afgreiðslu máls er frestað. Athuga-

semdir hafa verið sendar á hönnuð.

17. Álfholt 3 (L226450); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður og áhaldageymsla – 2006059

Fyrir liggur umsókn Haralds Valbergssonar fyrir hönd IBH ehf., móttækin 22.06.2020 um byggingarleyfi til að byggja sumarbústað 136,5 m² og áhaldageymsla 40 m² á sumarbústaðalandinu Álfholt 3 (L226450) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/201

18. Mástunga (L230104); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús sambyggð bílskúr – 2006065

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Hauks Haraldssonar og Önnu Ásmundsdóttur, móttækin 23.06.2020 um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús 157,8 m² með svefnlofti að hluta ásamt sambyggðum bílskúr 46,3 á íbúðarhúsaloðinni Mástunga (L230104) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð á íbúðarhúsi með bílskúr er 204,1 m².

Við afgreiðslu máls vék Davíð Sigurðsson af fundi og setur Lilju Ómarsdóttur og Stefán Short sem staðgengla sína við afgreiðslu máls.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

6. SKIPULAGSNEFND - 199

Lögð var fram fundargerð 199. fundar Skipulagsnefndar frá 12. ágúst 2020.

27. Breiðanes L2011727; Íbúðarhús og landbúnaðarstarfsemi; Deiliskipulag – 2006081

Lögð er fram umsókn vegna nýs deiliskipulags í landi Breiðaness, L2011727. Umsækjandi er eignarhaldsfélagið Vöðlar ehf. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, vélaskemmu, gróðurhúsi og hesthúsi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið með fyrirvara um málsmeðferð í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

7. TRÚNAÐARMÁL

Trúnaðarmál fært í trúnaðarbók.

8. NÝTT REKSTRARLEYFI - BIRKIINN

Lögð var fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 28. júlí 2020 um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Brikinn.

Sveitarstjórn leggst ekki gegn umsókn um rekstarleyfi.

9. LANDSTÓLPÍ - HOLTABRAUT 1 - 3

Lagt var fram bréf frá Landstólpa ehf, dags. 14. ágúst 2020, þar sem óskað var eftir því að gatnagerðargjöld vegna Holtabrautar 1 og 3 verði reiknuð með vísan í 6. grein laga nr. 153/2006. Ennfremur er óskað eftir staðfestingu á ráðstöfun gatnagerðargjaldanna skv. 2. grein samþykktar nr. 90/2019 um gatnagerðargjöld í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Bjarni reifaði málið og skýrði aðdrag-

anda þess að málið er lagt fyrir sveitarstjórn. Landstólpi bendir á misræmi í orðalagi í gjaldskrá og lögum um gatnagerðargjöld. Lágmarksgjald sem tilgreint í gjaldskrá veldur því að gatnagerðargjöld verði töluvert hærra en ef reiknað er út frá raunstærð húsnæðisins.

Auk þess þarf að fá úr því skorið hvort sveitarfélagið leggi götu innan lóðarmarka ef Landstólpi greiðir gatnagerðargjöldin.

Sveitarstjórn samþykkir að leita álits löftraðinga á misræmi í samþykkt sveitarfélagsins og lögum um gatnagerðargjöld og hvort ákvörðun um lækun gatnagerðargjalda hafi áhrif á niðurstöðu í málaferlum sem standa fyrir dyrum vegna annarra gatnagerðargjalda í sveitarfélaginu. Afgreiðslu málsins frestað þar til það álit liggur fyrir.

10. LOKUN HJÓLHÝSASVÆÐIS Í ÞJÓRSÁRDAL

Lagt var fram til kynningar erindi frá Hreini Óskarssyni hjá Skógræktinni þar sem tilkynnt er um ákvörðun Skógræktarinnar að loka hjólhýsasvæðinu í Þjórsárdal vorið 2021.

MÁL 11.-14. LÖGÐ FRAM OG KYNNT.

15. SKÝRSLA STARFANDI SVEITARSTJÓRA

Bjarni sagði frá þeim verkefnum sem hann hefur verið að vinna að frá því hann kom til starfa og skýrði frá því hvernig sum þeirra hafi komið nokkuð á óvart. Niðurskurður í rekstri mun ekki koma fram í rekstrinum fyrir en í lok árs, en þeim mun meira á næsta rekstarrári. Fyrir liggur að tekjur muni lækka á árinu, en útgjöld ekki dragast saman að sama marki. Laun munu til að mynda hækka í ljósi nýgerðra kjarasamninga. Önnur málefni voru upplýst og útskýrð.

Framhald á bls 10: ----->

16. LEIÐBEININGAR ALMANNAVARNA VEGNA GANGNA OG RÉTTA VEGNA COVID-19

Ingvar reifaði málið og benti á að sveitarstjórn telst vera stjórn fjall-skilaumdæmis. Hann benti á að oddvitar sveitarfélaganna þyrftu að ræða málið.

Fjöldatakmörkanir munu hafa veruleg áhrif á réttir vegna fjölda fjáreigna. Afréttamálaneindir eru að vinna

hörðum höndum að skipulagningu leitanna og sjá til þess að leitarmenn frá mismunandi svæðum skarist ekki við vinnu sína. Framkvæmd réttanna er í skoðun og hugmyndir um útfærslu í skoðun. Leggja þarf þó áherslu á hliðvörslu á hvorum stað til þess að uppfylla kröfu um takmarkaðan fjölda sem kemur að réttum.

Sveitarstjórn felur afréttarmálafélagi Flóa og Skeiða, afréttarmálaneind

Gnúpverja og fjallkóngum að útfæra skipulag gangna og rétta, þannig að þau uppfylli að fullu kröfur almannavarna vegna COVID-19 og fari eftir leiðbeiningum þeirra þar um.

Allar fundargerðir og fylgiskjöl eru aðgengileg á skeidagrupp.is
Scannaðu QR kóðan og þú getur farið beint á fundargerðasíðuna.

46. fundur sveitarstjórnar - 2. september 2020 í Árnesi

1. REKSTRARUPPGJÖR, JAN. - JÚN. 2020

Bjarni lagði fram rekstaryfirlit fyrstu sex mánuði ársins og skýrði niðurstöðu þess. Tekjur hafa dregist saman um tæp 8% í heild sinni miðað við fjárhagsáætlun ársins á meðan gjöld hafa aukist um 11% frá fjárhagsáætlun. Gjöld sveitarsjóðs umfram tekjur fyrstu 6 mánuðina eru rúmar 42,9 milljónir.

2. FRESTUN FASTEIGNAGJALDA

Lagt var fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsl. 2. apríl 2020 um framkvæmd frestunar á fasteignagjöldum.

Sveitarstjórn samþykkir að gefa kost á frestun fasteignagjalda skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga

3. BEIÐNI SVEITARSTJ. RÁÐHERRA VEGNA FASTEIGNASK. ÁLAGNINGAR 2021

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. júní 2020 um beiðni sveitarstjórnarráðherra til sveitarfélaga að taka tillit til hækkunar fasteignamats við álagningu fasteignagjalda á næsta ári.

Sveitarstjórn samþykkir að taka það til skoðunar hvaða möguleikar verði í málinu við álagningu á næsta ári.

4. STÖNG Í ÞJÓRSÁRDAL - DEILISKIPULAG

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi 1511004 frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 25. mars 2020 fyrir minjastað og ferðamannastaðnum

Stöng í Þjórsárdal. Málinu var frestað í apríl 2020.

Sveitarstjórn samþykkir skipulagið eins og það liggur fyrir og sendir það til skipulasnefndar UTU til frekari afgreiðslu.

5. STÖNG - UMSÓKN UM FRAMKVÆMDALEYFI

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Umhverfisstofnun, dags. 21. ágúst 2020 við framkvæmdir á göngustígum og pöllum við Gjána í Þjórsárdal.

Gerð er athugasemd við ranga notkun á nafn Gjárinnar í gögnum frá umsækjanda. Staðurinn heitir Gjáin, en ekki Gjáinn.

Umsóknin er samþykkt.

6. 200. FUNDUR SKIPULAGSNEFNDAR

Mál 17. Andrésfjós - Samþykkt.

Mál 18. Holtabaut 15. - Samþykkt.

7. AFGREIÐSLUR BYGGINGAFULLTRÚA 20-125 - LAGT FRAM TIL KYNNINGAR LEITI (L166576); UMSÓKN UM BYGGINGARLEYFI; BÍLSKÚR - VIÐBYGGING - 200606

Fyrir liggur umsókn Páls I. Arnasonar, móttékin 23.06.2020 um byggingarleyfi til að byggja við bílskúr 76,3 m² á íbúðarhúsalóðinni Leiti (L166576) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð á bílskúr eftir stækkun verður 106,3 m².

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Sandholt 6 (L228781); UMSÓKN UM BYGGINGARLEYFI; BÍLSKÚR - 2008008

Fyrir liggur umsókn Eiríks Arnarsonar, móttékin 03.08.2020 um byggingarleyfi til að byggja tvöfaldan bílskúr 84,7 m² á íbúðarhúsalóðinni Sandholt 6 (L228781) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Holtabaut 1 (L230102); UMSÓKN UM BYGGINGARLEYFI; RAÐHÚS MEÐ SEX ÍBÚÐUM - 2007033

Fyrir liggur umsókn Jóns S. Einarsonar fyrir hönd Landstólpa ehf., móttékin 09.07.2020 um byggingarleyfi til að byggja raðhús með sex íbúðum 388,1 m² á íbúðarhúsalóðinni Holtabaut 1 (L230102) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingar-

arreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Holtabraut 3 (L230103); umsókn um byggingarleyfi; raðhús með sex íbúðum - 2007034

Fyrir liggur umsókn Jóns S. Einarssonar fyrir hönd Landstólpa ehf., móttækin 09.07.2020 um byggingarleyfi til að byggja raðhús með sex íbúðum 388,1 m² á íbúðarhúsaloðinni Holtabraut 3 (L230103) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Þjórsárdalur Stöng (L178333); umsókn um byggingarleyfi; safnhús - endurbætur og viðbygging - 2002058

Erindið sett að nýju fyrir fund. Fyrir liggur umsókn Karls Kvaran fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepp, móttækin 28.02.2020 um byggingarleyfi til að byggja við safnahús 55 m², gera endurbætur innanhúss og einnig byggja útsýnispall á viðskipta- og þjónustulóðinni Þjórsárdalur Stöng (L178333) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð eftir stækkun á safnhúsi verður 386,5 m².

8. ALTUS LÖGMENN - VEGNA BR. Á DSK. Í ÁSHILDARMÝRI

Lagt var fyrir bréf frá Jóni Ögmundssyni hjá Altus lögmonnum, dags. 19. ágúst 2020 fyrir hönd umbjóðenda sinna í Áshildarmýri. Erindið er svar við bréfi frá sveitarstjóra dags. 3. júlí og varðar skaðabótakröfu vegna breytinga á deiliskipulagi í Áshildarmýri.

Starfandi sveitarstjóra er falið að leita álits lögmanns á viðbrögðum við kröfum í bréfinu.

10. BRUNAVARNIR Í HJÓLHÝSABYGGÐ (ÞJÓRSÁRDALUR)

Lagt var fyrir bréf frá brunavörnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, ódagsett varðandi brunavarnir á hjólhýsasvæðum.

Samþykkt að vísa málinu áfram á landeigendur þar sem hjólhýsasvæðið er staðsett í Þjórsárdal.

11. BRÉF UMBOÐSMANNS BARNNA UM UNGMENNARÁÐ

Lagt fram bréf frá Umboðsmanni barna, dags. 26. ágúst 2020 um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaganna.

Fram kom m.a. að ætlast er til að í ungmennaráð verði valið ungt fólk á aldrinum 13 - 17 ára, enda hafi þau ekki öðlast kosningarétt til áhrifa.

Sveitarstjórn óskar eftir tilnefningum frá fráfaramandi ungmennaráði um nýja aðila í nýtt ungmennaráð.

MÁL 12.-19 LÖGÐ FRAM OG KYNNT

20. SAMSTARFSYFIRLÝSING LANDLÆKNIS OG SKOGN. HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Lögð var fram samstarfsyfirlýsing milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landlæknisembættisins um heilsueflandi samfélag sem áætlað er fari fram þann 14. september.

Sveitarstjórn samþykkir samstarfs- samninginn og felur oddvita að skrifa undir fyrir hönd sveitarfélagsins.

21. SEYRUMÁL

Lögð var fyrir til kynningar fundargerð af fundi oddvitaneftar UTU um stöðu seyrumála og Seyrustaða á Flúðum, sem haldinn var 26. ágúst 2020.

22. AFSLÁTTUR AF GATNAGERÐARGJÖLDUM - ÁLIT

Lagður var fram tölvupóstur frá

Steinunni Kolbeinsdóttur hjá Lögmonnum Suðurlands, dags. 28. ágúst 2020 varðandi aðstöðu sem komin er upp í Brautarholti vegna óska um afslátt af gatnagerðargjöldum.

Bent er á að færa þurfi texta samþykkt Skeiða- og Gnúpverjahrepps til samræmis við texta laga um gatnagerðargjöld

Samþykkt er að gera breytingar á samþykktum um gatnagerðargjöld og starfandi sveitarstjóra falið að ganga frá því. Jafnframt að komast að samkomulagi við aðila um framkvæmd gatnagerðar.

23. ÖNNUR MÁL

Lagðar voru fram upplýsingar frá afréttamálanefnd Flóa og Skeiða varðandi skipulag Reykjarétta 2020 og smölun á afrétti þetta haustið.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirlagt skipulag á leitum og réttum.

Bjarni skýrði frá samtali sem hann átti við Þórhall Ólafsson framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar vegna uppsetningar á farsímasendum á Hliðarkistu.

Þegar tengingum verður lokið, kemst símasamband á þau svæði þar sem sambandið hefur verið ábótavant.

Sveitarstjórn lýsir mikilli ánægju með það að sjái fyrir endann á þennan fjarskiptavanda.



SUNDLAUGAR

SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500

Haustopnun 2020 til 31. desember

mánudaga	kl.18:00-22:00.
þriðjudaga	LOKAÐ
miðvikudaga	LOKAÐ
fimmtudaga	LOKAÐ
föstudaga	kl.18:00-22:00.
laugardaga	LOKAÐ
sunnudaga	LOKAÐ

NESLAUG

Sími: 486-6117

Haustopnun 2020 - september

mánudaga	LOKAÐ
þriðjudaga	LOKAÐ
miðvikudaga	kl.17:00-22:00.
fimmtudaga	LOKAÐ
föstudaga	LOKAÐ
laugardaga	kl.13:00-18:00.
sunnudaga	kl.13:00-18:00.

Umsjónarmaður er Eypör Brynjólfsson

Sími: 897-1112 | Netfang: eythorb@gmail.com



Frettabréf
Skeiða- & Gnúpverjahrepps

ÁBYRGÐARMAÐUR:

Bjarni H. Ásbjörnsson

UMSJÓN OG UMBROT:

Amenic ehf. / Matthías og Kristján

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skilafrestur í næsta blað er 1. október.

Útgáfudagur er viku síðar.

Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Heimasíða: www.skeidgnup.is

GÁMASVÆÐIN

Opnunartímar:

Við Árnes:

Þriðjudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:

Miðvikudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 13-15

Gjaldskyldur úrgangur:

Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Tímur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgju-pappi. Dagblöð, tímarit og pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson

GSM: 892-1250 | Netfang: bjarni@skeidgnup.is



WebPro

**VEFSÍÐUR
VEFHÝSING
TÖLVUPÓSTUR
FORRITUN**

WWW.WEBPRO.IS

WEBPRO@WEBPRO.IS | SÍMI: 419 2525

SKRIFSTOFA SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

STARFANDI SVEITARSTJÓRI

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

486-6113 & 899-9733 bjarnihas@skeidgnup.is

RITARI OG VEFUMSJÓN

Kristjana H. Gestsdóttir,

Sími: 486-6105 - kidda@skeidgnup.is

ÁHALDAHÚS/ÞJÓNUSTUSTÖÐ

Bjarni Jónsson

Sími: 892-1250 - bjarni@skeidgnup.is

ODDVITI

Viðtalstími miðvikudaga kl. 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason

Sími: 895-8432 - oddviti@skeidgnup.is

ÞJÓRSÁRSKÓLI

Sími 486-6000

Skólastjóri: Bolette Høeg Koch

Sími: 486-6051 & 895-9660

bolette@thjorsarskoli.is

LEIKSKÓLINN LEIKHOLT

Sími: 486-5586 - leikholt@leikholt.is

Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir

Sími: 895-2995


AÐALBÓKARI OG LAUNAFULLTRÚI

Sylvía Karen Heimisdóttir

Sími: 486-6104 - sylviakaren@skeidgnup.is

OPNUNARTÍMI: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15. Föstudaga: 9-12

SÍMI: 486-6100 - **NETFANG:** skeidgnup@skeidgnup.is



SELÁSBYGGINGAR ehf

Reisum með reisu

Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

LJOS@SKEIDGNUP.IS

SIGVALDI K. JÓNSSON: 863-4111

JÓN HÁKONARSON: 669-0095

